



Erindisbréf

Málþing vegna fræðslu- og þjálfunarmiðstöðvar viðbragðsaðila

Stjórn LSS skipar eftirfarandi aðila í nefnd um málþing vegna fræðslu- og þjálfunarmiðstöðvar viðbragðsaðila 29. nóvember 2018:

Einar Örn Jónsson, formaður, SHS, ej@simnet.is s: 891 8322

Hann skipar að lágmarki fjóra frá öðrum viðbragsaðilum í nefndina.

Viðbragðsaðili 1

Viðbragðsaðili 2

Viðbragðsaðili 3

Viðbragðsaðili 4

Gildistími skipunar: Byrjað: Ágúst 2018

Lokið: Des 2018

Markmið verkefnis:

Markmið með málþinginu að ná utan um þarfir og vilja viðbragðsaðila varðandi sameiginlega fræðslu- og þjálfunarmiðstöð viðbragðsaðila.

Framkvæmd:

Stefnt er að halda málþing fyrir helstu viðbragðsaðila á Nordica frá kl. 09-16 kanna hug þeirra til sameiginlegrar þjálfunar- og fræðslumiðstöðvar. Næstu skref yrðu ákveðin í lok fundar.

Hlutverk:

Hlutverk nefndarinnar er að vinna í nánu samstarfi við stjórn og starfsmenn að undirbúningi, framkvæmd og frágangi námsstefunnar. Formaður nefndarinnar hefur yfirumsjón með verkefninu. Ekki er greidd þóknun fyrir setu í nefndinni en útlagður kostnaður er greiddur af LSS. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum en skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Haft er að leiðarljósi siðareglur LSS og önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett og/eða starfar eftir.

Verkefni nefndarinnar við undirbúning, framkvæmd og frágang eru m.a.:

- Gera ítarlega verkefnisáætlun sem inniheldur helstu vörður fyrir undirbúning námsstefunnar þ.m.t dagskrá
- Gera fjárhagsáætlun í samráði við framkvæmdastjóra LSS, sem síðan er samþykkt af stjórn LSS
- Fjármögnun og öflun fjár hjá styrktaraðilum
- Bera ábyrgð á undirbúningi, framkvæmd og frágangi málþingsins
- Skipuleggja kynningu á námsstefnunni hjá öllum hagsmunaaðilum
- Gefa reglulega skýrslu til stjórnar um framgang verkefnisins
- Virkja aðra í nefndinni í undirbúningi, framkvæmd og frágangi námsstefunnar



- Skila lokaskýrslu um verkefnið fyrir 31 janúar 2019

Vonast er til að málþingið skili eftirfarandi árangri:

- Auka þekkingu og færni félagsmanna í starfi
- Að viðbragðsaðilar komist að sameiginlegri niðurstöðu hvort þeir vilji sameiginlega fræðslu- og þjálfunarmiðstöð fyrir viðbragðsaðila.
- Að skipaður yrði vinnuhópur í lok fundar til að fylgja eftir næstu skrefum
- Efla tengslanet félagsmanna
- Komi málstað slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna á framfæri

Fjárhagsrammi:

Verkefnið verður sjálfbært og er fjármagnað með þáttökugjöldum og styrktaraðilum. Öll fjárútlát þarf framkvæmdastjóri LSS að samþykka.

Tengiliðir úr stjórn LSS: Steinþór Darri Þorsteinsson, varaformaður LSS og formaður fagdeildar slökkviliðsmanna og Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna.

Samstarfsaðili á skrifstofu: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Reykjavík, 12. september 2018

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Steinþór Darri Þorsteinsson
Varaformaður